

Kjartan Thors

Þórdís Ólafsdóttir:

Skýrsla um leit að byggingarefnum í sjó við

Austfirði sumarið 1975.

Nóvember 1975.

Efni:

- I. Inngangur.
- II. Jarðfræðilegar aðstæður og val á leitarsvæðum.
- III. Sýni.
- IV. Niðurstöður.
- V. Framtíðarverkefni.
- VI. Lokaorð.

Viðbætur: Skýrsla Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins.

I. Inngangur

Skýrsla þessi fjallar um leit að byggingarefnum á sjávarbotni við Austfirði í júní og júlí 1975. Leit þessa annaðist Hafrannsóknastofnunin að beiðni framkvæmdastjóra Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, Bergs Sigurbjörnssonar. Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins annaðist prófanir á sýnum, sem tekin voru af sjávarbotni.

Leitin fór fram á báti, sem verkbeiðendur lögðu til, Jóhanni Pálssyni SU 30, og voru tveir menn í áhöfn. Þórdís Ólafsdóttir, jarðfræðingur var leiðangursstjóri. Náði leitarsvæðið frá Loðmundarfirði allt suður til Hornafjarðar. Leitinni var hagað þannig, að fyrst voru tekin sýni með botngreip vítt og breitt um svæðið, en eins og búist hafði verið við, reyndist vænlegast að leita meðfram ströndum fjarðanna og var því fljótlega horfið að því að beina athyglinni að þeim svæðum. Alls voru tekin um 300 sýni til könnunar, en úr þeim valin um 60 sýni til nánari athugana hjá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins.

Sýnataka fór fram á tímabilinu frá 18. júní til 13. júlí og prófunum á sýnum lauk seinni hluta október.

II. Jarðfræðilegar aðstæður og val á leitarsvæðum

Setmyndun í og við Austfirði hefur ekki verið rannsökuð. Allar hugmyndir um setmyndunarumhverfi og útbreiðslu hinna ýmsu tegunda sets verða því að grundvallast á vitneskju, sem aflast hefur annars staðar.

Gæði byggingarefnis stjórnast af samsetningu þess annars vegar og kornastærð hins vegar. Hvað samsetningu viðkemur, er heppilegast að það sé gert að sem mestu leyti af stöðugum berg- og steintegundum, sem leiða ekki til síðari efnabreytinga í steypu o.fl. Æskilegast er því að setið sé að samsetningu því sem næst hreint basaltset úr bergbrotum og steintegundum basalts. Öll lífræn efni eru mjög óæskileg og betra talið að forðast skelja-sand og skeljabrot.

Kornastærð þarf að miðast við að sem allra minnst sé af silti eða leir í setinu, og æskilegast er að setið sé sem næst jöfn blanda af sandi og möl.

Við skipulagningu leitarinnar við Austfirði var sett upp eftirfarandi líkan af setmyndunarumhverfinu þar í ljósi rannsókna annars staðar frá:

Á landgrunni Austfjarða hefur ekki orðið teljandi ólífræn setmyndun frá ísaldarlokum, en lífræn setmyndun hefur hins vegar leitt til þess, að yfirborðsset er yfirleitt að mestu leyti skelja-sandur. Það efni, sem borist hefur frá landi til sjávar síðustu árpúsund hefur aðallega borist með ám niður í firðina. Umhverfi þar, þ.e. saltvatnsblöndun, straumakerfi og þröskuldar fjarðanna sérstaklega, hefur leitt til þess, að framburðurinn hefur sest til innan fjarðanna.

Í heild má áætla, að þessi framburður hafi verið fínkornóttur, þ.e. silt og leir, en tímabundin skilyrði hafa leitt til framburðar grófara efnis.

Ef ætla má að framburðurinn sé að svo miklu leyti fínkornótt efni, er útilokað að finna megi nothæft byggingarefni, nema til komi einhver öfl, sem greini framburðinn niður í stærðarflokka. Og þau öfl, sem vænta má að geti það eru hreyfingar sjávar. M.ö.o. sands og malar er helst að vænta þar sem hreyfingar sjávar eru nógu miklar til þess að skola burtu öllu fínna efni.

Þar hreyfingar sjávar, sem hér skipta mestu máli, eru straumur, sérstaklega sjávarfallastraumur, svo og sjávarbylgjur. Áhrif þessara tveggja liða eru mest á grunnsævi við strendur.


Af því sem hér að framan greinir var í upphafi talið óþarft að leita að byggingarefninu utan fjarðanna sjálfra vegna þess að þar myndi skeljasandur allsráðandi. Innan fjarða væru hins vegar möguleikar á að finna rétt efni og þá helst grunnt með ströndum fjarðanna, ekki síst þar sem ætla mætti út frá kringumstæðum að nokkur setupphleðsla ætti sér stað, svo sem við eyrar, árósa, sandeða malarfjörur, svo og við skriður.

Í upphafi sýnatöku kom í ljós, að þessar tilgátur reyndust nærri sanni. Í fyrsta lagi kom í ljós, að leir og siltkennt set er einkennandi fyrir botn Austfjarðanna, allt upp að 10 m dýpi. Grófara efni er hins vegar að finna ofan þess, þó oft sé það blandað fínu efni. Þá kom og í ljós, að á grunnslóðinni er botn víða úr föstu bergi. Einnig er víða skerjótt, sérstaklega nær fjarðarmynnum sem oftast eru klettótt og torveldar það leit ekki síður en efnistöku. Gróf þumalfingursregla reyndist því að leita inni í fjörðunum út af fjörum, árósum og skriðum.


III. Sýni

Segja má, að sýni hafi verið tekin á öllum líklegum stöðum á svæðinu frá Loðmundarfirði til Berufjarðar, auk nokkurra staða suður af Hornafjarðarósi. Mjög fínkornóttum sýnum var fleygt, en sand- og malarsýnum, um 60 talsins, var haldið til haga. Á meðfylgjandi kortum er sýnt hvaðan sýnin 60 voru tekin.


Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins annaðist athugun á sýnunum og fólst sú athugun í greiningu kornastærðar valinna sýna auk ákvörðunar óhreininda í nokkrum sýnum. Þá var bergfræðileg samsetning sýnanna athuguð. Niðurstöður þessara athugana fylgja þessari skýrslu.




Kort 1. Sýni úr Løndunarfirði og Seyðisfirði.




Kort 2. Sýni úr Mjóáfirði, Norðfjarðarfloa og Sandvík.




Kort 3. Sýni úr Vaðlavík og Reyðarfirði.




Kort 4. Sýni úr Reyðarfirði og Fáskrúðsfirði.



Kort 5. Sýni úr Stöðvarfirði og Breiðdalsvík.



Kort 6. Sýni úr Berufirði.



Kort 7. Sýni úr Hornafjarðarósi.

IV. Niðurstöður

Niðurstöður þessarar frumrannsóknar sýna, að á nokkrum stöðum á Austfjörðum er að finna grófkornótt set neðan sjávarmáls. Allmikill hluti af þeim sýnum, sem tekin voru til rannsóknar, voru tiltölulega hrein sandsýni og var oft um að ræða vel aðgreindan (sorted) sand, sem inniheldur korn aðeins innan þröngra stærðarmarka (dæmi: Loðmundarfj. 2, 3, Seyðisfj. 9, 10, o.fl.). Þessi eiginleiki er talinn óæskilegur í byggingarefnum, vegna þess að hann veldur mikilli holrýmnd í fyllingarefninu og því aukinni þurrkrýrnun í steypunni og lægri styrkleika.

Eins og minnst er á hér að framan þurfa efni í steypu að vera sem næst jöfn blanda af sandi og möl. Fæst af þeim sýnum, sem hér hafa verið tekin til athugunar innihalda möl í miklu magni, en þau sýni sem einhver möl er í eru:

| | |
|-----------------|---------|
| Seyðisfjörður | 5, 7 |
| Mjóifjörður | 4, 5 |
| Reyðarfjörður | 4, 8, 9 |
| Viðfjörður | 1 |
| Fáskrúðsfjörður | 3, 6, 8 |
| Færivallafjara | 1 |
| Hornafjörður | 1 |

Í þessu sambandi er vert að geta þess, að vegna smæðar sýna, kann malarinnihald þeirra að vera vanreiknað. Þá er þess og að geta, að á stöðum þar sem sandsýni hafa verið tekin má oft búast við möl nær landi. Þannig er ekki unnt að afskrifa staði algerlega þó sýni þaðan innihaldi ekki möl.

Hvað snertir samsetningu sýna þá hafa þau reynst vera af ýmsum toga, eins og skýrsla R.b. ber með sér. Á grundvelli skýrslunnar er unnt að velja úr nokkur sýni, sem líklegust væru til þess að henta sem steypuefni. Ef tekin eru frá bergfræðilega sundurleit sýni og óhrein, verða eftirfarandi sýni eftir:

| | |
|------------------|------|
| Loðmundarfjörður | 2, 3 |
| Seyðisfjörður | 10 |

| | |
|----------------|---------|
| Vaðlavík | 1, 2 |
| Reyðarfjörður | 1, 2, 4 |
| Hellisfjörður | 1, 2 |
| Færivallafjara | 1 |
| Breiðdalsvík | |
| Hornafjörður | 1 |

Þau sýni, sem virðast uppfylla skilyrði bæði um kornastærð og samsetningu eru samkvæmt þessu

| | |
|----------------|---|
| Reyðarfjörður | 4 |
| Færivallafjara | 1 |
| Hornafjörður | 1 |

Reyðarfjarðarsýnið inniheldur þó eitthvað af skel og yrði því að teljast síst af þessum þremur. Hornafjarðarsýnið er að samsetningu svipað því efni, sem nú er tekið á landi þar.

Sýnið Færivallafjara 1 er tekið fram undan Færivallaskriðum (sjá kort), en úr þeim skriðum hefur efni verið tekið til skamms tíma. Staður þessi virðist því vel þess virði að þar verði gerðar nánari athuganir.

Annar staður sem ástæða er til að benda á hér, er Hellisfjörður. Sýni þau, sem þar voru tekin, eru að vísu flest fremur fínkornótt, en að samsetningu til virðast þau fullnægjandi, og líklegt má telja að finna megi þar grófará efni.

V. Framtíðarverkefni

Það hefur komið í ljós að á nokkrum stöðum á Austfjörðum er að finna neðan sjávarmáls grófkornótt set sem líkur eru á að nota mætt í byggingarefni. Tveir staðir virðast líklegastir til að gefa hvað best efni og eru það Hellisfjörður og Færivallafjara. Ef áhugi er á að komast til botns í því hvort byggingarefni séu til staðar í vinnanlegum mæli, yrði næsta skref væntanlega að fá dæluskip til þess að prófa að dæla upp efni á fyrrnefndum tveimur stöðum að minnsta kosti.

Samkvæmt upplýsingum Kristins Guðbrandssonar forstjóra hjá Björgun h.f. á það fyrirtæki von á nýju dæluskipi snemma árs 1976 og væri það fánlegt þá um vorið til þess að gera tilraunir til dælinga á nokkrum stöðum austanlands.

Með dæluskipi mætti stefna að því að ná upp vænlegu efni og landa því á nokkrum stöðum austanlands, en auk þess fengjust með notkun skipsins miklu ítarlegri upplýsingar um þá staði, sem nú koma helst til greina.

Þannig gefast til dæmis möguleikar til að losna við mikinn hluta af fínkornóttu efni við dælinguna sjálfa en það gefur kost á t.d. að hreinsa fínkornótt set ofan af grófu.

VI. Lokaorð

Eins og skýrt var tekið fram áður en rannsókn þessi hófst er hér aðeins um að ræða frumkönnun á því, hvort byggingarefni sé að finna í sjó við Austfirði og verða niðurstöðurnar að skoðast í því ljósi. Þær aðferðir, sem beitt hefur verið, beinast að yfirborði sjávarbotnsins og segja því ekki til um þykktir setlaga í sjó, né hvað kann að finnast dýpra undir yfirborðinu.

Það er skoðun höfunda þessarar skýrslu, að könnunin á yfirborði setsins sé svo ítarleg, að vart sé að vanta heppilegra efna á yfirborði utan þeirra svæða sem könnuð hafa verið.

Athuganir þær, sem gerðar hafa verið á Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, gefa ekki afgerandi svör um hæfni sýnanna sem byggingarefnis, heldur ber að líta á þær sem leiðbeiningar um hvar vænlegast sé að halda áfram. Hlutur R.b. í framtíðinni yrði væntanlega að gera prófsteypur úr því efni, sem e.t.v. yrði dælt á land og gefa þannig endanleg svör um hæfni þess.

Ef ákveðið yrði að reyna að fá dæluskip til prófana og vinnslu efnis af sjávarbotni er vert að undirstrika aftur þann möguleika, að þau svæði, sem hér er rætt um að framan, kunni að stækka vegna möguleika á því að hreinsa burt finna efni áður en malartaka hefst.

Að lokum er mælt með því að framhaldsathuganir á byggingarefnum á hafsbotni við Austfirði beinist að Færivallafjöru og Hellisfirði en komi í ljós, að þessir staðir séu óhentugir, væri vert að athuga nánar staði í Loðmundarfirði, Breiðdalsvík og e.t.v. víðar.

V I Ð B Æ T I R: Skýrsla Rannsóknastofnunar
byggingariðnaðarins.

RANNSÓKNASTOFNUN BYGGINGARIÐNADARINS
KELDNAHOLTI - REYKJAVÍK

Reykjavík, 17. okt. 1975

| | | | |
|--------------------------|------------------------------------|--------------|----------------|
| Nafn greiðanda | Hafrannsóknastofnunin | Rannsókn nr. | H75/881 - V-26 |
| Mannvirki | Steypuefnaleit í sjó við Austfirði | Bréf nr. | bh-977 |
| Heimilisfang | Skúlagötu 4, Reykjavík | Dags. beiðni | |
| Nafn sendanda | Kjartan Thors | Reikn nr. | |
| Afrit | | Verð kr. | |
| Rannsóknarefni | Steypuefni | | |
| Fjöldi sýnishorna | 58 | | |
| Merki | | | |
| Upplýsingar frá sendanda | | | |

Ebl. B029 - AV7755000

Í töflu 1 má sjá yfirlit yfir þau sýni, sem bárust Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins ásamt lauslegri lýsingu á þeim. Meðfylgjandi línurit sýna kornastærðadreifingu þeirra sýna, sem unnt ver að ákvarða kornastærðadreifingu á, en sýnin voru flest mjög lítil.

Rannsóknastofnun Byggingariðnaðarins

Hákon Ólafsson
Hákon Ólafsson,
verkfr.

Tafla 1 - Leit að steypuefnum í sjó fyrir Austfjörðum

| Merking sýna | Sýni tekið, dags. | Kornast.-dreifing, mæld | Óhreinindi | | Athugasemdir |
|-----------------------|-------------------|-------------------------|------------|---------|---|
| | | | Lífræn | Ólífræn | |
| Loðmundaarfjörður 1, | 19.6. | | | | Mikið skelblandaður fínsandur |
| " 2, | " | x | 0 | 4 | Einkorna, skelblandaður basaltsandur |
| Seyðisfjörður 1, | " | x | 0 | 7 | Skelblandaður fínkorna basaltsandur. Virðist óhrein |
| " 2, | " | | | | Þrjár skelhúðaðir steinar |
| " 3, | " | x | 0 | 3 | Grófur óhrein basaltsandur, bergfræðilega fjölbreytt efni |
| " 4, | " | | | | Óhrein basaltsandur og einn steinn. Mjög lítið sýni |
| " 5, D=2 fm | 20.6. | x | | | Fín mól og grófur sandur. Sundurleitt berg m.a. nokkuð af leirsteini |
| " 6, D=11 fm | " | | | | Fínsandur og silt blandað skel og trefjum |
| " 7, D=4 fm | " | x | | | Óhrein mól og sandur. Steinar skelhúðaðir |
| " 8, D=4 fm | " | | | | Nokkrir skelhúðaðir steinar |
| " 9, D=4 fm | " | x | 0 | 10 | Móleitur fín basaltsandur, blandaður trefjum |
| " 10, D=3 fm | " | x | 0 | 5 | Skelblandinn, einkorna basaltsandur |
| Loðmundaarfjörður 3, | 19.6. | x | | | Skelblandinn, einkorna basaltsandur |
| Mjóifjörður 1, D=2 fm | 21.6. | x | 0 | 7 | Óhrein, fínkorna basaltsandur. Vottur af skel |
| " 2, D=1,4 fm | " | | | | Mjög lítið sýni. Mól með allt að 3 steinum. Bergfræðilega sundurleitt |
| " 3, D=2 fm | " | x | | | Grófur sandur. Bergfræðilega sundurleitt efni. |

BYGGINGARANNSÓKNIR

Tafla 1 - Frh.

| Merking sýna | Sýni tekið, dags. | Kornast.-dreifing, mæld | Óhreinindi | | Athugasemdir |
|---------------|-------------------|-------------------------|------------|---------|--|
| | | | Lífræn | Ólífræn | |
| Mjólfjörður | 4, D=2 fm | x | | | Sandur-möl. Núið blandað basalt |
| " | 5, D=2 fm | x | | | Blandað efni, bergfræðilega sundurleitt |
| " | 6, D=3 fm | x | 0-1 | 6 | Grófur sandur, móleitur. Bergfræðilega sundurleitt |
| " | 7, D=3 fm | | | | Bergfræðilega sundurleitgur sandur, fremur óhrein |
| Sandvík | 1, D=4 fm | x | 0 | 3 | Mikið skelblandinn basaltsandur |
| " | 2, D=4 fm | x | 0 | 5 | " " " |
| Vaðlavík | 1, D=2 fm | x | 0 | 2 | Skelblandinn fínkorna basaltsandur |
| " | 2, D=2-3 fm | x | 0 | 5 | " " " |
| Reyðarfjörður | 1, D=3 fm | x | 0 | 0 | " " " |
| " | 2, D=2 fm | x | 0 | 4 | " " " |
| " | 3, | | | | Bergfræðilega sundurleitgur basaltsandur |
| " | 4, D=3 fm | x | | | Grófur basaltsandur og mól. Steinar skelhúðaðir. SKelfiskur í sýni |
| " | 5, D=3 fm | | | | Skelhúðuð blönduð fínmöl. Blandað basalt |
| " | 6, D=1 fm | x | 0 | 12 | Fínsandur, óhrein |
| " | 7, D=1 fm | x | 0 | 12 | Sandur, bergfræðilega sundurleitgur (leirsteinn og skelblandinn) |
| " | 8, D= 2 fm | x | | | Blandað efni, bergfræðilega sundurleitt en ríkjandi basalt |
| " | 9, D=1 fm | x | | | " " " " " " |
| " | 10, D=3 fm | x | | | " " " " " " |
| Hellisfjörður | 1, D=2 fm | | | | Blandað efni, sterklegt basalt, mikið blandað skeljum. Lítið sýni |

BYGGINGARANNSÓKNIR

Tafla 1 - Frh.

| Merking sýna | Sýni tekid, dags. | Kornast.-dreifing, mæld | Óhreinindi | | Athugasemdir |
|----------------|-------------------|-------------------------|------------|---------|---|
| | | | Lífræn | Ólífræn | |
| Hellisfjörður | 2, D=2 fm | | | | Steinar skelhúðaðir. Sterklegt berg |
| " | 3, D=3 fm | | | | Skelblandinn fínsandur. Lítið sýni |
| " | 4, | | x | 0 | " " " " |
| Viðfjörður | 1, D=2 fm | | x | 0 | Grófur sandur, bergfræðilega sundurleitur |
| " | 2, D=3 fm | | x | | " " " " |
| " | 3, D=6 fm | | | | Móleitur fínsandur, blandinn skel |
| " | 4, D=2 fm | | | | Skelblandinn fínkorna basaltsandur |
| Fáskúðsfjörður | 1, D=2 fm | | x | | Fínkorna basaltsandur, blandinn ýmsum bergtegundum |
| " (Móeyri) | 2, D=1-2 fm | | x | 8 | Blandað efni, sundurleitt berg. Mjög lítið sýni |
| " | 3, D=3 fm | | x | | Blandað efni, sundurleitt berg |
| " | 4, D=3 fm | | x | | " " " " |
| " | 5, D=3 fm | | | | " " " " |
| " | 6, D=4 fm | | x | | " " " " , blandað skel |
| " | 7, D=4 fm | | | | Grófur sandur, sundurleitt berg með leirsteini |
| " | 8, D=1 fm | | x | | Núin bergfræðilega sundurleit mól |
| Stöðvarfjörður | 1, D=2 fm | | x | 0 | Fínsandur og silt |
| Berufjörður | 1, D=1-2 fm | | x | | Grófur sandur, blandað basalt með áberandi leirsteini |

BYGGINGARANNSÓKNIR


Tafla 1 - Frh.

| Merking sýna | Sýni tekið, dags. | Kornast.- dreifing, mæld | Óhreinindi | | Athugasemdir |
|------------------------|-------------------|--------------------------|------------|---------|--|
| | | | Lífræn | Ólífræn | |
| Snæhvammur | 1, D=2 fm | x | 0 | 7 | Fínkorna basaltsandur, blandinn skel |
| " | 2, D=6 fm | x | | | " " " |
| Landabót | 1, D=2 fm | x | | | Skelblandinn einkorna basaltsandur |
| Færivallafjara | 1, D=4 fm | x | | | Skelblandin núin sterkleg mól |
| Breiðdalsvík (Meleyri) | D=2 fm | x | 0 | 1 | Fínkorna basaltsandur |
| Hornafjörður | 1, D=2 fm | x | | | Flögótt malarefni. Ríkjandi basalt blandað líparíti og gabbró (Svipað Stokksnesefni) |

Rannsókn á kornastærðum

Fyrir Hafrannsóknastofnunina Dags. 1975-10-09
 Vegna Steypuefnaleit í sjó fyrir Austfjörðum Framkv. af GÓ
 Náma Loðmundarfjörður 2
 Sendandi Kjartan Thors

| Efni | Kornarúmp. kg/dm ³ | Mettivatn % | Humus | Slam | Grófleikatala |
|------|----------------------------------|----------------|-------|------|---------------|
| | | | 0 | 4 | |



| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|
| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |

Bergefni: Þyngd sýnis: 266 g

Rannsókn á kornastærðum


Fyrir Hafrannsóknastofnunina Dags. 1975-10-15

Vegna Steypuefnaleit í sjó fyrir Austfjörðum Framkv. af JEF

Náma Loðmundarfjörður 3

Sendandi Kjartan Thors

| Efni | Kornarúmp. kg/dm ³ | Mettivatn % | Humus | Slam | Grófleikatala |
|------|----------------------------------|----------------|-------|------|---------------|
| | | | | | |




| | | | | | | | | | | | |
|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|
| | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | |

Bergefni: Þyngd sýnis: 1155 g

Rannsókn á kornastærðum

Fyrir Hafrannsóknastofnunina Dags. 1975-10-09
 Vegna Steypuefnaleit í sjó fyrir Austfjörðum Framkv. af GÓ
 Náma Seyðisfjörður 1
 Sendandi Kjartan Thors

| Efni | Kornarúmp. kg/dm ³ | Mettivatn % | Humus | Slam | Grófleikatala |
|------|----------------------------------|----------------|-------|------|---------------|
| | | | 0 | 7 | |




| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|
| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |

Bergefni: Þyngd sýnis: 217 g

Rannsókn á kornastærðum

Fyrir Hafrannsóknastofnunina Dags. 1975-10-09
 Vegna Steypuefnaleit í sjó fyrir Austfjörðum Framkv. af GÓ
 Náma Seyðisfjörður 3
 Sendandi Kjartan Thors

| Efni | Kornarúmp. kg/dm ³ | Mettivatn % | Humus | Slam | Grófleikatala |
|------|----------------------------------|----------------|-------|------|---------------|
| | | | 0-1 | 3 | |




| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|
| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |

Bergefni: Þyngd sýnis: 448 g

Rannsókn á kornastærðum

Fyrir Hafrannsóknastofnunina Dags. 1975-10-15
 Vegna Steypuefnaleit í sjó fyrir Austfjörðum Framkv. af JEF
 Náma Seyðisfjörður 5, D = 2 fm
 Sendandi Kjartan Thors

| Efni | Kornarúmp. kg/dm ³ | Mettivatn % | Humus | Slam | Grófleikatala |
|------|----------------------------------|----------------|-------|------|---------------|
| | | | | | |



Bergefni: Þyngd sýnis: 340 g

Rannsókn á kornastærðum


Fyrir Hafrannsóknastofnunina Dags. 1975-10-09

Vegna Steypuefnaleit í sjó fyrir Austfjörðum Framkv. af GÓ

Náma Seyðisfjörður 7, D = 4 fm

Sendandi Kjartan Thors

| Efni | Kornarúmp. kg/dm ³ | Mettivatn % | Humus | Slam | Grófleikatala |
|------|----------------------------------|----------------|-------|------|---------------|
| | | | | | |




| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|
| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|

Bergefni: Þyngd sýnis: 391 g

Rannsókn á kornastærðum

Fyrir Hafrannsóknastofnunina Dags. 1975-10-15
 Vegna Steypuefnaleit í sjó fyrir Austfjörðum Framkv. af JEF
 Náma Seyðisfjörður 9, D = 4 fm
 Sendandi

| Efni | Kornarúmp. kg/dm ³ | Mettivatn % | Humus | Slam | Grófleikatala |
|------|----------------------------------|----------------|-------|------|---------------|
| | | | 0 | 10 | |




Bergefni: Þyngd sýnis: 365 g

Rannsókn á kornastærðum

Fyrir Hafrannsóknastofnunina Dags. 1975-10-09
 Vegna Steypuefnaleit í sjó fyrir Austfjörðum Framkv. af GÓ
 Náma Seyðisfjörður 10, D = 3 fm
 Sendandi Kjartan Thors

| Efni | Kornarúmp. kg/dm ³ | Mettivatn % | Humus | Slam | Grófleikatala |
|------|----------------------------------|----------------|-------|------|---------------|
| | | | 0 | 5 | |



| | | | | | | | | | | | |
|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|
| | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | |


Ebl. B013 AV 77510000

Bergefni: Þyngd sýnis: 320 g

Rannsókn á kornastærðum

Fyrir Hafrannsóknastofnunina Dags. 1975-10-08
 Vegna Steypuefnaleit í sjó fyrir Austfjörðum Framkv. af GÓ
 Náma Mjóifjörður 1, D = 2 fm
 Sendandi Kjartan Thors

| Efni | Kornarúmp. kg/dm ³ | Mettivatn % | Humus | Slam | Grófleikatala |
|------|----------------------------------|----------------|-------|------|---------------|
| | | | 0 | 7 | |




| | | | | | | | | | |
|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|
| | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | |

Bergefni: Þyngd sýnis: 240 g

Rannsókn á kornastærðum

Fyrir Hafrannsóknastofnunina Dags. 1975-10-15
 Vegna Steypuefnaleit í sjó fyrir Austfjörðum Framkv. af JEF
 Náma Mjóifjörður 3, D = 2 fm
 Sendandi Kjartan Thors

| Efni | Kornarúmp. kg/dm ³ | Mettivatn % | Humus | Slam | Grófleikatala |
|------|----------------------------------|----------------|-------|------|---------------|
| | | | | | |



| | | | | | | | | | | |
|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|
| | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | |


Bergefni: Þyngd sýnis: 696 g

Rannsókn á kornastærðum

Fyrir Hafrannsóknastofnunina Dags. 1975-10-09
 Vegna Steypuefnaleit í sjó fyrir Austfjörðum Framkv. af GÓ
 Náma Mjóifjörður 4, D = 1 fm

Sendandi

| Efni | Kornarúmp. kg/dm ³ | Mettivatn % | Humus | Slam | Grófleikatala |
|------|----------------------------------|----------------|-------|------|---------------|
| | | | | | |




Bergefni: Þyngd sýnis: 235 g

Rannsókn á kornastærðum

Fyrir Hafrannsóknastofnunina **Dags.** 1975-10-09
Vegna Steypuefnaleit í sjó fyrir Austfjörðum **Framkv. af** GÓ
Náma Mjóifjörður 5, D = 2 fm
Sendandi Kjartan Thors

| Efni | Kornarúmp. kg/dm ³ | Mettivatn % | Humus | Slam | Grófleikatala |
|------|----------------------------------|----------------|-------|------|---------------|
| | | | | | |




| | | | | | | | | | |
|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|
| | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | |

Bergefni: Þyngd sýnis: 335 g

Rannsókn á kornastærðum

Fyrir Hafrannsóknastofnunina Dags. 1975-10-08
 Vegna Steypuefnaleit í sjó fyrir Austfjörðum Framkv. af GÓ
 Náma Mjóifjörður 6, D = 3 fm
 Sendandi Kjartan Thors

| Efni | Kornarúmp. kg/dm ³ | Mettivatn % | Humus | Slam | Grófleikatala |
|------|----------------------------------|----------------|-------|------|---------------|
| | | | 0-1 | 6 | |




| | | | | | | | | | |
|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|
| | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | |

Bergefni: Þyngd sýnis: 314 g

Rannsókn á kornastærðum

Fyrir Hafrannsóknastofnunina Dags. 1975-10-08
 Vegna Steypuefnaleit í sjó fyrir Austfjörðum Framkv. af GÓ
 Náma Sandvík 1, D = 4 fm
 Sendandi Kjartan Thors

| Efni | Kornarúmp. kg/dm ³ | Mettivatn % | Humus | Slam | Grófleikatala |
|------|----------------------------------|----------------|-------|------|---------------|
| | | | 0 | 3 | |




| Móskvastærð mm | | | | | | | | | |
|----------------|--|--|--|--|--|--|--|--|--|
| | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | |

Bergefni: Þyngd sýnis: 279 g

Rannsókn á kornastærðum

Fyrir Hafrannsóknastofnunina Dags. 1975-10-15
 Vegna Steypuefnaleit í sjó fyrir Austfjörðum Framkv. af JEF
 Náma Sandvík 2, D = 4 fm
 Sendandi Kjartan Thors

| Efni | Kornarúmp. kg/dm ³ | Mettivatn % | Humus | Slam | Grófleikatala |
|------|----------------------------------|----------------|-------|------|---------------|
| | | | 0 | 5 | |




| | | | | | | | | | |
|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|
| | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | |

Bergefni: Þyngd sýnis: 763 g

Rannsókn á kornastærðum

Fyrir Hafrannsóknastofnunina Dags. 1975-10-08
 Vegna Steypuefnaleit í sjó fyrir Austfjörðum Framkv. af GÓ
 Náma Vaðlavík 1, D = 2 fm
 Sendandi Kjartan Thors

| Efni | Kornarúmp. kg/dm ³ | Mettivatn % | Humus | Slam | Grófleikatala |
|------|----------------------------------|----------------|-------|------|---------------|
| | | | 0 | 2 | |



| | | | | | | | | | | |
|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|
| | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | |

Bergefni: Þyngd sýnis: 290 g

Rannsókn á kornastærðum

Fyrir Hafrannsóknastofnunina

Dags. 1975-10-08


Vegna Steypuefnaleit í sjó fyrir Austfjörðum

Framkv. af GÓ

Náma Vaðlavík 2, D=2 fm

Þendandi Kjartan Thors

| Efni | Kornarúmp. kg/dm ³ | Mettivatn % | Humus | Slam | Grófleikatala |
|------|----------------------------------|----------------|-------|------|---------------|
| | | | 0 | 5 | |




Þergetfni:

Þyngd sýnis: 389 g

Rannsókn á kornastærðum

Fyrir Hafrannsóknastofnunina Dags. 1975-10-09
 Vegna Steypuefnaleit í sjó fyrir Austfjörðum Framkv. af GÓ
 Náma Reyðarfjörður 1, D = 3 fm
 Sendandi Kjartan Thors

| Efni | Kornarúmp. kg/dm ³ | Mettivatn % | Humus | Slam | Grófleikatala |
|------|----------------------------------|----------------|-------|------|---------------|
| | | | 0 | 0 | |




Bergefni: Þyngd sýnis: 268 g

Rannsókn á kornastærðum

Fyrir Hafrannsóknastofnunina Dags. 1975-10-15
 Vegna Steypuefnaleit í sjó fyrir Austfjörðum Framkv. af JEF
 Náma Reyðarfjörður 2, D = 0,2 fm
 Sendandi Kjartan Thors

| Efni | Kornarúmp. kg/dm ³ | Mettivatn % | Humus | Slam | Grófleikatala |
|------|----------------------------------|----------------|-------|------|---------------|
| | | | 0 | 4 | |



| | | | | | | | | | | |
|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|
| | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | |

Bergefni: Þyngd sýnis: 727 g

Rannsókn á kornastærðum


Fyrir Hafrannsóknastofnunina Dags. 1975-10-08

Vegna Steypuefnaleit í sjó fyrir Austfjörðum Framkv. af GÓ

Náma Reyðarfjörður 4, D = 3 fm

Sendandi Kjartan Thors

| Efni | Kornarúmp. kg/dm ³ | Mettivatn % | Humus | Slam | Grófeikatala |
|------|----------------------------------|----------------|-------|------|--------------|
| | | | | | |




Bergefni: Þyngd sýnis: 826 g

Rannsókn á kornastærðum

Fyrir Hafrannsóknastofnunina Dags. 1975-10-09
Vegna Steypuefnaleit í sjó fyrir Austfjörðum Framkv. af GÓ
Náma Reyðarfjörður 6, D = 1 fm
Sendandi Kjartan Thors

| Efni | Kornarúmp. kg/dm ³ | Mettivatn % | Humus | Slam | Grófleikatala |
|------|----------------------------------|----------------|-------|------|---------------|
| | | | | | |




Bergefni: Þyngd sýnis: 213 g

Rannsókn á kornastærðum

Fyrir Hafrannsóknastofnunina Dags. 1975-10-09
 Vegna Steypuefnaleit í sjó fyrir Austfjörðum Framkv. af GÓ
 Náma Reyðarfjörður 7, D = 1 fm
 Sendandi Kjartan Thors

| Efni | Kornarúmp. kg/dm ³ | Mettivatn % | Humus | Slam | Grófleikatala |
|------|----------------------------------|----------------|-------|------|---------------|
| | | | 0 | 16 | |




| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|
| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|

Bergefni: Pyngd sýnis: 384 g

Rannsókn á kornastærðum

Fyrir Hafrannsóknastofnunina Dags. 1975-10-08
 Vegna Steypuefnaleit í sjó fyrir Austfjörðum Framkv. af GÓ
 Náma Reyðarfjörður 8, D = 2 fm
 Sendandi Kjartan Thors

| Efni | Kornarúmp. kg/dm ³ | Mettivatn % | Humus | Slam | Grófleikatala |
|------|----------------------------------|----------------|-------|------|---------------|
| | | | | | |




Bergefni: Þyngd sýnis: 840 g.

Rannsókn á kornastærðum

Fyrir Hafrannsóknastofnunina Dags. 1975-10-15
 Vegna Steypuefnaleit í sjó fyrir Austfjörðum Framkv. af GÓ
 Náma Reyðarfjörður 9, D=1 fm
 Sendandi Kjartan Thors

| Efni | Kornarúmp. kg/dm ³ | Mettivatn % | Humus | Slam | Grófleikatala |
|------|----------------------------------|----------------|-------|------|---------------|
| | | | | | |




Bergefni: Þyngd sýnis: 2183 g.

Rannsókn á kornastærðum

Fyrir Hafrannsóknastofnunina Dags. 1975-10-09
 Vegna Steypuefnaleit í sjó fyrir Austfjörðum Framkv. af GÓ
 Náma Hellisfjörður 4, D = 2 fm
 Sendandi Kjartan Thors

| Efni | Kornarúmp. kg/dm ³ | Mettivatn % | Humus | Slam | Grófleikatala |
|------|----------------------------------|----------------|-------|------|---------------|
| | | | 0 | 14 | |



| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|
| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |

Bergefni:


Etl. B013 AV 77510000

Þyngd sýnis: 195 gr.

Rannsókn á kornastærðum

Fyrir Hafrannsóknastofnunina Dags. 1975-10-15
 Vegna Steypuefnaleit í sjó fyrir Austfjörðum Framkv. af JEF
 Náma Viðfjörður 1, D = 2 fm
 Sendandi Kjartan Thors

| Efni | Kornarúmp. kg/dm ³ | Mettivatn % | Humus | Slam | Grófleikatala |
|------|----------------------------------|----------------|-------|------|---------------|
| | | | | | |




Bergefni:

Þyngd sýnis: 550 gr.

Rannsókn á kornastærðum

Fyrir Hafrannsóknastofnunina Dags. 1975-10-15
 Vegna Steypuefnaleit í sjó fyrir Austfjörðum Framkv. af JEF
 Náma Viðfjörður 2, D = 3 fm
 Sendandi Kjartan Thors

| Efni | Kornarúmp. kg/dm ³ | Mettivatn % | Humus | Slam | Grófleikatala |
|------|----------------------------------|----------------|-------|------|---------------|
| | | | | | |



| | | | | | | | | | | |
|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|
| | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | |

Bergefni:

Þyngd sýnis: 830 gr.

Rannsókn á kornastærðum

Fyrir Hafrannsóknastofnunina

Dags. 1975-10-08


Vegna Steypuefnaleitar í sjó fyrir Austfjörðum

Framkv. af GÓ

Náma Fáskrúðsfjörður 1, D = 2 fm

Sendandi Kjartan Thors.

| Efni | Kornarúmp. kg/dm ³ | Mettivatn % | Humus | Slam | Grófleikatala |
|------|----------------------------------|----------------|-------|------|---------------|
| | | | 0 | 8 | |




Bergefni:

Þyngd sýnis: 343 gr.

Rannsókn á kornastærðum

Fyrir Hafrannsóknastofnunina Dags. 1975-10-08
 Vegna Steypuefnaleit í sjó fyrir Austfjörðum Framkv. af GÓ
 Náma Fáskrúðsfjörður 3, D= 3 fm.
 Sendandi Kjartan Thors

| Efni | Kornarúmp. kg/dm ³ | Mettivatn % | Humus | Slam | Grófleikatala |
|------|----------------------------------|----------------|-------|------|---------------|
| | | | | | |



Þergefni:

Em. B013 AV 77510000

Þyngd sýnis: 254 gr.

Rannsókn á kornastærðum

Fyrir Hafrannsóknastofnunina

Dags. 1975-10-15


Vegna Steypuefnaleitar í sjó fyrir Austfjörðum

Framkv. af JEF

Náma Fáskrúðsfjörður, D = 3 fm.

Sendandi Kjartan Thors

| Efni | Kornarúmp. kg/dm ³ | Mettivatn % | Humus | Slam | Grófleikatala |
|------|----------------------------------|----------------|-------|------|---------------|
| | | | | | |




Bergefni:

Rannsókn á kornastærðum

Fyrir Hafrannsóknastofnunina Dags. 1975-10-08
 Vegna Steypuefnaleitar í sjó fyrir Austfjörðum Framkv. af GÓ
 Náma Fáskrúðsfjörður (Eyri) 6, D = 4 fm
 Sendandi Kjartan Thors

| Efni | Kornarúmþ. kg/dm ³ | Mettivatn % | Humus | Slam | Grófleikatala |
|------|----------------------------------|----------------|-------|------|---------------|
| | | | | | |




Bergefni:

Þyngd sýnis: 560 gr.

Rannsókn á kornastærðum

Fyrir Hafrannsóknastofnunina Dags. 1975-10-15
 Vegna Steypuefnaleit í sjó fyrir Austfjörðum Framkv. af JEF
 Náma Fáskrúðsfjörður 8 (Fagraeyri), D = 1 fm
 Sendandi Kjartan Thors

| Efni | Kornarúmp. kg/dm ³ | Mettivatn % | Humus | Slam | Grófleikatala |
|------|----------------------------------|----------------|-------|------|---------------|
| | | | | | |



Bergefni:


EM. B013 AV 77510000

Þyngd sýnis: 1141 gr.

Rannsókn á kornastærðum

Fyrir Hafrannsóknastofnunina Dags. 1975-10-09
 Vegna Steypuefnaleit í sjó fyrir Austfjörðum Framkv. af GÓ
 Náma Stöðvarfjörður 1, D = 2 fm
 Sendandi Kjartan Thors

| Efni | Kornarúmp. kg/dm ³ | Mettivatn % | Humus | Slam | Gróffeikatala |
|------|----------------------------------|----------------|-------|------|---------------|
| | | | | | |



| | | | | | | | | | |
|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|
| | | | | | | | | | |
|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|

Bergefni:


Em. B013 AV 7751000

Þyngd sýnis: 234 gr.

Rannsókn á kornastærðum

Fyrir Hafrannsóknastofnunina **Dags.** 1975-10-16
Vegna Steypuefnaleit í sjó fyrir Austfjörðum **Framkv. af** GÓ
Náma Berufjörður 1, D = 1-2 fm
Sendandi Kjartan Thors

| Efni | Kornarúmp. kg/dm ³ | Mettivatn % | Humus | Slam | Grófleikatala |
|------|----------------------------------|----------------|-------|------|---------------|
| | | | | | |



| | | | | | | | | | |
|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|
| | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | |

Bergefni:

EM. B013 AV 77510000

Þyngd sýnis: 374 gr

Rannsókn á kornastærðum


Fyrir Hafrannsóknastofnunina Dags. 1975-10-15

Vegna Steypuefnaleit í sjó fyrir Austfjörðum Framkv. af JEF

Náma Snæhvammur 1, D = 2 fm

Sendandi Kjartan Thors

| Efni | Kornarúmp. kg/dm ³ | Mettivatn % | Humus | Slam | Grófleikatala |
|------|----------------------------------|----------------|-------|------|---------------|
| | | | | | |



| | | | | | | | | | |
|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|
| | | | | | | | | | |
|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|

Bergefni:

Þyngd sýnis: 426 gr.

Rannsókn á kornastærðum


Fyrir Hafrannsóknastofnunina Dags. 1975-10-09

Vegna Steypuefnaleit í sjó fyrir Austfjörðum Framkv. af GÓ

Náma Út af Snæhvammi 2, D = 6 fm

Sendandi Kjartan Thors

| Efni | Kornarúmp. kg/dm ³ | Mettivatn % | Humus | Slam | Grófleikatala |
|------|----------------------------------|----------------|-------|------|---------------|
| | | | 0 | 7 | |




Bergefni:

Þyngd sýnis: 296 gr.

Rannsókn á kornastærðum

Fyrir Hafrannsóknastofnunina Dags. 1975-10-08
 Vegna Steypuefnaleitar í sjó fyrir Austfjörðum Framkv. af GÓ
 Náma Landabót 1, D= 2 fm
 Sendandi Kjartan Thors

| Efni | Kornarúmp. kg/dm ³ | Mettivatn % | Humus | Slam | Grófleikatala |
|------|----------------------------------|----------------|-------|------|---------------|
| | | | 0 | 1 | |



Bergefni:


EM. B013 AV 77510000

Þyngd sýnis: 414 gr.

Rannsókn á kornastærðum

Fyrir Hafrannsóknastofnunina Dags. 1975-10-09
 Vegna Steypuefnaleit í sjó fyrir Austfjörðum Framkv. af GÓ
 Náma Færvallafjara 1, D = 4 fm
 Sendandi Kjartan Thors

| Efni | Kornarúmp. kg/dm ³ | Mettivatn % | Humus | Slam | Grófleikatala |
|------|----------------------------------|----------------|-------|------|---------------|
| | | | | | |




| | | | | | | | | | |
|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|
| | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | |

Bergefni: Þyngd sýnis = 842 gr.

Rannsókn á kornastærðum

Fyrir Hafrannsóknastofnunina Dags. 1975-10-15
 Vegna Steypuefnaleit í sjó fyrir Austfjörðum Framkv. af JEF
 Náma Breiðdalsvík 1, D = 2 fm
 Sendandi

| Efni | Kornarúmp. kg/dm ³ | Mettivatn % | Humus | Slam | Grófleikatala |
|------|----------------------------------|----------------|-------|------|---------------|
| | | | 0 | 0.5 | |



| | | | | | | | | | | |
|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|
| | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | |

Bergefni:

Rannsókn á kornastærðum


Fyrir Hafrannsóknastofnunina Dags. 1975-10-15

Vegna Steypuefnaleit í sjó fyrir Austfjörðum Framkv. af JEF

Náma Hornafjörður 1, D = 1 fm

Sendandi

| Efni | Kornarúmp. kg/dm ³ | Mettivatn % | Humus | Slam | Grófleikatala |
|------|----------------------------------|----------------|-------|------|---------------|
| | | | | | |



| | | | | | | | | | |
|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|
| | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | |

Em. B013 AV 77510000

Bergefni:

Þyngd sýnis: 1176 gr